

8. fundur velferðarráðs
haldinn Aðalstræti 75, neðri hæð, þriðjudaginn 2. febrúar 2016 og hófst hann
kl. 16:30.

Fundinn sátu:

Heba Harðardóttir (HH) aðalmaður, Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir (NLS) aðalmaður, Elísabet Kjartansdóttir (EK) aðalmaður, Kristín Brynja Gunnarsdóttir (KBG) aðalmaður og Elsa Reimarsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Elsa Reimarsdóttir, Félagsmálastjóri

Dagskrá:

1. 1602006 - Barnaverndarmál

Yfirlit yfir vinnslu barnaverndarmála.

2. 1510037 - Ester matstæki í barnavernd/félagsþjónustu

Félagsmálastjóri hefur sótt tvö námskeið í Ester mati á vegum Barnaverndarstofu. Þriðja og síðasta námskeiðið verður haldið í apríl og verður þá einnig boðið upp á grunnnámskeið fyrir aðra starfsmenn barnaverndar/félagsþjónustu.

ESTER - mat er skipulögð matsaðferð sem byggir á rannsóknum og er notað af til þess sérstaklega þjálfuðum sérfræðingum til að kanna rannsaka hvort viss hegðun og eiginleikar finnast hjá barni og fjölskyldu þess. Þeir áhættuþættir sem eru metnir eru þess eðlis að þeir geta aukið hættu og þeir verndandi þættir geta minnkað hættu á langvarandi andfélagslegri hegðun hjá barninu. Tilgangur með ESTER-mati er að gera sýnilegra það sem barnið eða mögulega fjölskylda þess þarf aðstoð með.

3. 1602008 - Reglur Velferðarráðs Vestur-Barðastrandarsýslu um greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum.

Drög að reglum um greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum lögð fyrir. Samþykkt samhljóða.

4. 1602009 - Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna og aðgerðaráætlun Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps 2014-2018 lögð fyrir til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

5. 1602010 - Fjárhagsaðstoð

Umsókn um fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna allt að upphæð 100.000 kr. til NN. Bókað í trúnaðarbók.

Upphæðir fjárhagsaðstoðar 2016 skv. reglum

Handwritten signatures in blue ink: EK, NLS, KBG.

Einn í heimili 150.990,00
Hjón 241.584,00
Býr hjá foreldrum 75.495,00

6. 1412031 - Viðauki við reglur sveitarfélagana á Vestfjörðum um stuðningsfjölskyldur.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:35 .

Alastanfard.

Elisabet Kjartansdóttir

Kristín Br. Gunnarsdóttir

Danna L. Sveinbjörnsdóttir